

- e) Skráðir eigendur hunda eru ábyrgir fyrir greiðslu hundagjalds og hvers kyns sektum vegna brots á bráðabirgðaákvæðum þessum. Verði vanskil á þessum greiðslum skal heimilt að innheimta þær samkvæmt lögum og þessari samþykkt. Jafnframt verður farið með hundinn samkvæmt 6. gr. samþykktarinnar.
- f) Hundeigendum er skylt að hafa hunda sína ábyrgðartryggða fyrir hugsanlegu tjóni á mönnum og munum hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Skal framvísa gögnum þar um við skráningu og síðan árlega þegar hundagjald er greitt. Vanræki hundeigandi að ábyrgðartryggja hund sinn, skal fara með hundinn samkvæmt 6. gr. samþykktarinnar.
- g) Til að tryggja sem árangursríkasta framkvæmd þessara bráðabirgðaákvæða verði ráðinn sérstakur starfsmaður eftir þörfum til þess að annast framkvæmdina og skal þá leita aðstoðar lögregluþingvalda í Kópavogi ef og hvenær sem þörf verður á því.
- h) Ákvæði 3. greinar skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um hunda er falla undir þessi ákvæði til bráðabirgða.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. mars 1983.*

F. h. r.  
**Páll Sigurðsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ingimar Sigurðsson.*

**GJALD**  
fyrir hundahald í Kópavogi  
fyrir árið 1983.

1. gr.

Upphæð gjalds vegna hundahalds í Kópavogi fyrir árið 1983 verður sem hér segir:

- a) Vegna 2. gr. samþykktar um hundahald frá 15. mars 1983, sbr. 3. gr. c staflíð, kr. 300,00.
- b) Vegna ákvæða til bráðabirgða í samþykkt um hundahald í Kópavogi frá 15. mars 1983, sbr. d staflíð, kr. 3 500,00.

2. gr.

Ofangreind gjaldákvörðun bæjarstjórnar Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. mars 1983.*

F. h. r.  
**Páll Sigurðsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ingimar Sigurðsson.*